

Nafn	umsögn	viðbrögð
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	Embættið leggur því ríka áherslu á að sveitarfélagið, framkvæmdaraðili eða landeigendur ráðist í greiningarvinnu og kortlagningu á mengun í jarðvegi á reitnum í samræmi við gr. 15.1.2. í byggingareglugerð nr. 112/2012 áður en frekari uppbygging hefst á íbúðum og öðrum byggingum ætluðum almenningi þar sem sterkar líkur eru á að mengun í jarðveg fyrirfinnist víðsvegar á svæðinu. Þá er einnig mikilvægt í ljósi áforma um að styðjast við blágrænar ofanvatnslausnir í hverfinu og ef ekki hefur verið fjarlægður allur olíumengaður jarðvegur af svæðinu, má gera ráð fyrir hættu á að með vatnsrásum og öðrum afrennslislausnum að regnlautum berist olía í regnlautir með þeim afleiðingum að vart verði við oliu eða olíubrák á yfirborði regnlautanna. Tekið er sérstaklega fram að um óvenjulegar aðstæður er að ræða þar sem varnarliðið var með ýmsa og töluvert mengandi starfsemi og viðveru á umræddum skipulagsreit og övist er hvernig eða hvort hreinsun hafi verið framkvæmd á svæðinu. Þarf því að vanda sérstaklega verks ef vart verður við mengun í jarðveg til að tryggja virkni og ágæti blágrænna ofanvatnslausna í samræmi við sambærilegar lausnir á óröskuðum og ómenguðum til landssvæðum.	Landeigendur á svæðinu, Miðland og Ríkissjóður, bregðist við umsögn HES áður en framkvæmdir hefjast.
Landhelgisgæslu Íslands, varnarmálasviðs Sveinn Valdimarsson, skipulagsfulltrúi Öryggissvæða	- Landhelgisgæsla Íslands, varnarmálasvið, bendir á að á svæðinu gilda kröfur sem eru í svæðisskipulagi Suðurnesja vegna eftirlits-, ratsjár- og fjarskiptastöðvar, um að áður en veitt eru byggingarleyfi fyrir húsum hærrí en 45,42 m.y.s. sem á við á umræddu svæði skv. drögum að deiliskipulagi skuli haft samráð við Landhelgisgæsluna. - Landhelgisgæsla Íslands, varnarmálasvið minnir á að Keflavíkurflugvöllur er bæði her- og borgaralegur flugvöllur. Vegna herflugs sem um völinn fer er æskilegt að við gerð skipulaga, sérstaklega deiliskipulags séu gerðar miklar hljóðvistarkröfur til húsnæðis á svæði sem er í nálægð við flugvölinn. Í greinargerð deiliskipulags, kafla 1, er getið um hljóðvistarútreikninga svæðisins. Landhelgisgæslan vekur athygli á því að æskilegt er að hljóðvistarmál séu skoðuð sérstaklega vel og bendir á að hljóðvistarútreikningar taka líklega ekki tillit til herflugs. Hávaðakortlagning er væntanlega unnin skv. EU2002/49/EC en samkvæmt þeirri tilskipun er hávaði frá herflugi ekki tekinn með í útreikninga á hljóðvist. Því má búast við að raunhljóðvist sé slakari en útreiknað kort sýnir.	- Haft verður samráð við Landhelgisgæslu Íslands þegar það að við í samræmi við ákvæði í Svæðis- og Aðalskipulagi. - Engar reglur, leiðbeiningar eða gögn eru fyrir hendi um viðbrögð við hávaða vegna herflugs og til þess að bregðast við markvist þurfa áreiðanleg gögn um hávaða og tíðni að liggja fyrir. Það er regla að þeir sem menga skili matsgögnum um umhverfisáhrif sinnar starfsemi. Það hefur Landhelgisgæsla Íslands ekki gert. Að gera sérstaka skilmála um hljóðeinangrun er íþyngjandi, dýrt og ómarkvist þar sem ekki liggur fyrir viðmið er ómögulegt að tryggja að skilmálar verði ekki annað hvort óþarfir eða ófullnægjandi. Á meðan ekki er stríðsástand ber herflugi að taka tillit til þess að í nálægð við flugvölinn er íbúðabyggð. Engin viðbrögð.
Vegagerðin - Suðursvæði	Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagið	Engin viðbrögð.
Isavia	Isavia gerir ekki beinar athugasemdir við skipulagstillöguna en vill benda á nálægð Hlíðarhverfis 3.áfanga við Keflavíkurflugvöll m.t.t. hljóðvistar þó svo svæðið uppfylli viðmið í reglugerð. Isavia vill því viðra þessar ábendingar varðandi hljóðvistina til Reykjanesbæjar á þessu stigi til að hafa í huga við skipulagstillöguna sem er í kynningu og frekari skilmálagarð. Einna helst ætti að hafa í huga þær lóðir sem eru næst aðflugsstefnu flugbrautar 10-28 á Keflavíkurflugvelli. Bent er á í því samhengi fjölbýlishúsalóðir merktar i og j á neðra svæði og einbýlishúsa- og raðhúsalóðir merktar l,u,y og m,n,o,r,s og t.	Skipulagstillögur taka mið af þeim gögnum sem liggja fyrir þ.m.t. hljóðvistarkort. Hönnun íbúðarhúsa á því svæði þarf að taka tillit til umhverfishávaða.
Veðurstofa Íslands	Veðurstofan gerir ekki athugasemdir við deiliskipulag Hlíðahverfis 3. áfanga en þó væri gott að taka fram að ekki séu takmarkanir á landnotkun vegna náttúruvár svo skýrt sé að við gerð deiliskipulags hafi þeir þættir verið skoðaðir.	Engar takmarkanir eru á landnotkun vegna náttúruvár. Engin viðbrögð.
Míla	Míla gerir engar athugasemdir við fyrirhugað skipulag. Við óskum þó eftir að haft verði samband við okkur tímanlega þegar kemur til framkvæmda ef ske kynni að við vildum taka þátt í þeim.	Engin viðbrögð.
Náttúrufræðistofnun	Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu og gerir eftirfarandi athugasemdir. Bent skal á að með því að byggja á og í grennd við varpsvæði sílamáfs gæti tegundin tekið upp á því að fara að nýta sér þök nýju húsanna, jafnvel til varps. Eigi að forðast slíkt, ætti að huga að því á hönnunarstigi bygginganna en flöt þök gætu haft aðdráttarafl, sérstaklega ef þau eru gróin.	huga þarf að því á hönnunarstigi bygginganna að flöt þök geta haft aðdráttarafl fyrir máfa, sérstaklega ef þau eru gróin. Engin viðbrögð.